
14.500 tonna framleiðsluaukning á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði – Valkostir Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Framlagning matsskýrslu og ósk um álit

Þann 16. apríl 2019 lögðu Fjarðalax og Arctic Sea Farm fram matsskýrslu um valkosti vegna 14.500 tonna framleiðsluaukningar á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði og óskuðu eftir álitum Skipulagsstofnunar sbr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrslunnar dags. 23. apríl 2019.

Gögn lögð fram

Matsskýrsla: Framleiðsla á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði. Viðbót við matsskýrslu og kostagreining vegna 14.500 tonna framleiðsluaukningar. Fjarðalax, Arctic Sea Farm og Verkís, apríl 2019. Fylgiskjöl með matsskýrslu eru þau sömu og fylgdu frummatsskýrslu, sjá að neðan.

1.2 Athugun Skipulagsstofnunar

Fjarðalax og Arctic Sea Farm lögðu fram frummatsskýrslu þann 30. janúar 2019 sbr. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Þar er gerð grein fyrir viðbót við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sem hefur áður farið fram, sbr. álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar frá 23. september 2016.

Frummatsskýrslan var auglýst þann 4. janúar 2019 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu og á vef BB. Skýrslan lá frammi til kynningar frá 4. janúar til 19. mars 2019 á skrifstofum Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Skýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar. Þann 12. febrúar 2019 héldu Fjarðalax og Arctic Sea Farm kynningarfund á Tálknafirði um framkvæmdina og mat á umhverfisáhrifum hennar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar sveitarstjórna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Frummatsskýrsla: Framleiðsla á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði. Viðbót við frummatsskýrslu og kostagreining vegna 14.500 tonna framleiðsluaukningar. Fjarðalax, Arctic Sea Farm og Verkís, janúar 2019.

Fylgiskjal með frummatsskýrslu:

- Sérfræðiálit Helga Thorarensen um valkosti í laxeldi í Patreks- og Tálknafirði, 2018.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Tálknafjarðarhreppi með tölvupósti dags. 20. febrúar 2019.
- Vesturbyggð með tölvupósti dags. 21. febrúar 2019.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 18. mars 2019.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 28. febrúar 2019.
- Matvælastofnun með tölvupósti dags. 1. mars 2019.



- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 26. febrúar 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 18. mars 2019.
- Samgöngustofu með tölvupósti dags. 14. febrúar 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 5. mars. 2019.

Eftirtaldir sendu athugasemdir á kynningartíma frummatsskýrslu:

- Landssamband veiðifélaga með bréfi dags. 12. mars 2019.
- Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins LAXINN LIFI, Akurholts ehf. og Geiteyrar ehf., veiðiréttarhafa Haffjarðarar, Ara P. Wendel, Víðis H. Guðbjartssonar, Atla Á. Ólafssonar, Varplands ehf. og Veiðifélags Laxár á Ásum með tölvupósti dags. 19. mars 2019.

2 FRAMKVÆMD

2.1 Forsaga og viðfangsefni umhverfismats nú

Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum vegna allt að 14.500 tonna framleiðsluaukningar á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði, sbr. matsskýrslu Fjarðalax og Dýrfisks (nú Arctic Sea Farm) frá maí 2016 og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 23. september 2016.

Umhverfisstofnun veitti fyrirtækjunum starfsleyfi og Matvælastofnun rekstrarleyfi í desember 2017. Leyfin voru kærð og felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þau úr gildi með úrskurðum 27. september og 4. október 2018. Úrskurðarnefndin taldi annmarka hafa verið á umhverfismati framkvæmdarinnar varðandi samanburð valkosta. Því hafi matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar ekki verið lögmætur grundvöllur fyrir veitingu leyfa.

Til að bæta úr þeim annmarka sem úrskurðarnefndin taldi vera á málsmeðferð framkvæmdarinnar lagði framkvæmdaraðili fram viðbót við fyrri frummatsskýrslu og matsskýrslu. Í þeim skýrslum er fjallað um forsendur fyrir vali á þeim framkvæmdakosti sem fjallað var um í umhverfismati á árunum 2014-2016. Þá er greint frá ástæðum þess að tilteknir valkostir komu ekki til álita á þeim tíma. Jafnframt er fjallað um tvo nýja valkosti hvað varðar staðsetningu eldissvæða og umhverfisáhrif þeirra borin saman við upphaflegan framkvæmdakost sem fjallað var um í matsskýrslunni árið 2016.

Fjarðalax og Arctic Sea Farm áforma að framleiða alls 17.500 tonn af laxi á ári í Patreksfirði og Tálknafirði. Þar af áformar Fjarðalax að framleiða 10.700 tonn og Arctic Sea Farm 6.800 tonn. Sameiginlegur heildarlífsmassi í eldiskvíum verður aldrei meiri en 20.000 tonn á hverjum tíma. Um nánari tilhögun framkvæmdanna vísast til matsskýrslu fyrirtækjanna frá árinu 2016 og áliti Skipulagsstofnunar frá sama ári.

2.2 Valkostir

2.2.1 Staðsetning eldissvæða

Í viðbótarmatsskýrslu er fjallað um þrjá valkosti með tilliti til staðsetningar eldissvæða. Það er upphaflegar staðsetningar sem fjallað var um í matsskýrslu framkvæmdaraðila og áliti Skipulagsstofnunar árið 2016, nýja staðsetningu í Patreksfirði og nýja staðsetningu í Tálknafirði.

Staðsetningar sem fjallað var um í matsskýrslu og áliti árið 2016


Í viðbótarmatsskýrslu segir að val á þeim staðsetningum sem fjallað var um í matsskýrslunni 2016 hafi m.a. byggst á því að staðsetja eldissvæði þar sem sjávardýpi væri nægjanlegt auk þess sem að hafstraumar tryggðu endurnýjun sjávar og gott súrefnisaðflæði að svæðum. Jafnframt hafi verið horft til veðráttu, ölduhæðar, lagnaðaríss, siglingaleiða og veiðisvæða. Þá hafi Fjarðalax haft áform



um að fódra eldisfisk frá fódurstöðvum í landi sem hafi takmarkað mögulegar staðsetningar þar sem eldissvæði hafi þurft að vera nálægt landi þar sem aðgengi var að rafmagni.

Í matsskýrslunni 2016 var gert ráð fyrir átta eldissvæðum; við Akravík, Laugardal, Suðureyri og Sveinseyri í Tálknafirði og við Eyri, Hlaðseyri, Sandodda og Kvígindisdal í Patreksfirði (sjá mynd 1).

Í viðbótarmatsskýrslu kemur fram að eldissvæði Fjarðalax við Hlaðseyri í Patreksfirði hafi ekki staðist væntingar fyrirtækisins og að vöktun bendi til þess að svæðið beri ekki það eldismagn sem til stóð að ala þar. Fjarðalax fyrirhugi því að finna aðrar staðsetningar í Patreksfirði í stað þeirra svæða sem eru innst í firðinum, en að svo stöddu liggja ekki fyrir niðurstaða um það. Enn sem komið er hafi takmarkað laxeldi verið stundað á eldissvæðinu við Hlaðseyri. Fjarðalax vilji halda þeim möguleika opnum að geta nýtt svæðið í takmörkuðum mæli í samræmi við það sem það ber með tilliti til umhverfisálags og velferðar eldisfisks.




Mynd 1. Eldissvæði samkvæmt matsskýrslu 2016. (Mynd 8.1 í viðbótarmatsskýrslu Fjarðalax og Arctic Sea Farm 2019.)

Breytt útfærsla eldissvæða í Patreksfirði

Í viðbótarmatsskýrslu er greint frá því að framkvæmdaraðilar hafi tilkynnt Skipulagsstofnun um fyrirhugaða breytingu á staðsetningu eldissvæða í Patreksfirði í mars 2018. Breytingin felst í því að eldissvæði Fjarðalax við Eyri (Þúfneyri) og eldissvæði Arctic Sea Farm við Kvígindisdal eru færð til, lögum þeirra breytt og þau stækkuð (sjá mynd 2). Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að breytingin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.¹

Sú útfærsla er kynnt sem nýr valkostur fyrir staðsetningu eldissvæða í Patreksfirði.

¹ Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 11. apríl 2018.



Mynd 2 Breytt útfærsla eldissvæða í Patreksfirði. (Mynd 8.2 í viðbótarmatskýrslu Fjarðalax og Arctic Sea Farm 2019.)

Breytt útfærsla eldissvæða í Tálknafirði

Í viðbótarmatskýrslu er kynntur nýr valkostur fyrir staðsetningu eldissvæða í Tálknafirði. Hann felur í sér að í stað eldissvæðis Arctic Sea Farm við Akravík undan norðurströnd Tálknafjarðar er gert ráð fyrir eldissvæði utan við Hvannadal undan suðurströnd Tálknafjarðar. Þá miðast valkosturinn við að eldissvæði Fjarðalax við Sveinseyri og Suðureyri falli niður og að eldi Fjarðalax í firðinum fari eingöngu fram á eldissvæði við Laugardal (sjá mynd 3).


Umsagnir og athugasemdir við viðbótarfrummatsskýrslu 2019

Óttar Yngvason gerir þá kröfu að Skipulagsstofnun hafni viðbótarfrummatsskýrslu ásamt því að hann krefst þess að framkvæmdin undirgangist nýtt umhverfismatsferli frá grunni samkvæmt 8.-11. gr. laga nr. 106/2000. Meðal röksemda Óttars má nefna að hvergi sé heimild í lögum til að víkja frá ákvæðum 8. gr. laga nr. 106/2000. Þá telur Óttar að framkvæmdin sé í mörgum atriðum gjörbreytt frá þeirri framkvæmd sem ráðgerð var í frummatsskýrslu 2016 og vísar í því sambandi til umfjöllunar um nýtt eldissvæði í Tálknafirði, færslu tveggja eldissvæða í Patreksfirði og að nýtt eldissvæði sé ráðgert innst í Patreksfirði. Í athugasemd Óttars segir einnig að staðsetning fyrirhugaðrar framkvæmdar liggja ekki fyrir og ýmsar rannsóknir hafi ekki verið gerðar, sbr. upplýsingar framkvæmdaraðila um að ekki liggja fyrir niðurstaða um heppilega staðsetningu fyrir eldissvæði í Patreksfirði sem koma eigi í stað þeirra svæða sem eru innst í firðinum. Því sé málið ekki tilbúið í matsferli og Skipulagsstofnun eigi að vísa framlagðri viðbótarfrummatsskýrslu frá.

Í svörum framkvæmdaraðila segir að ekki sé fallist á að um gjörbreytta framkvæmd sé að ræða frá þeirri sem fjallað var um í matskýrslu árið 2016. Umfang eldis sé óbreytt og framkvæmdin í samræmi við það sem lýst var í matskýrslu áður. Í úrskurði ÚUA sé tiltekið að mismunandi valkostir geti t.d. falist í mismunandi staðsetningu eldis. Í viðbót við frummatsskýrslu sé brugðist við þeirri ábendingu. Misskilnings virðist gæta varðandi það að gert sé ráð fyrir nýju eldissvæði innst í Patreksfirði. Breytt tilhögun í Tálknafirði geri ráð fyrir tilfærslu á einu svæði og niðurfellingu tveggja



eldissvæða innst í firðinum. Auk þess segir, varðandi athugasemd um að staðsetning í Patreksfirði liggja ekki fyrir, að ef niðurstöður rannsókna komi til með að leiða í ljós að um vænlegri kost sé að ræða muni Skipulagsstofnun verða upplýst um breytinguna með fyrirspurn um matsskyldu. Þó áætlanir geri nú ekki ráð fyrir að eldi verði framhaldið við Hlaðseyri sé ekki útilokað að leit að annarri staðsetningu í Patreksfirði beri ekki árangur, en það sé þó talið ólíklegt. Komi sú staða upp muni Fjarðalax bregðast við á þann hátt að draga úr umfangi framleiðslunnar við Hlaðseyri í samræmi við það sem svæðið er talið bera með tilliti til umhverfisálags og velferðar eldisfisks. Jafnframt verði áfram fylgst með þróun í eldistækni sem kunnir í framtíðinni að opna möguleika á því að starfrækja laxeldi við Hlaðseyri á þeim skala sem stefnt hefur verið að. Sú framkvæmd sem nú sé til umfjöllunar sé í meginatriðum sú sama og kynnt var á sínum tíma í mati á umhverfisáhrifum.



Mynd 3. Breytt útfærsla eldissvæða í Tálknafirði. (Mynd 8.4 í viðbótarmatsskýrslu Fjarðalax og Arctic Sea Farm 2019.)

2.2.2 Umfang framleiðslu

Í viðbótarmatsskýrslu segir að sökum stærðarhagkvæmni sé umfang eldis nátengt arðbærni þess og að hagkvæmnissjónarmið hafi ráðið því að áform framkvæmdaraðila gerðu ráð fyrir allt að 17.500 tonn ársframleiðslu og fullri nýtingu burðarþols. Þá er tekið fram að það taki tíma að byggja upp fiskeldi til að ná að fullnýta burðarþol fjarðar eða fjarða. Reynslan hafi kennt fyrirtækjunum að byggja upp eldi í áföngum í átt að fullu burðarþoli. Niðurstöður vöktunar og árangur eldis ráði því hvernig framvinda uppbyggingar verði. Í varúðarskyni sé miðað við að nýta ekki burðarþol að fullu fyrr en jákvæð reynsla hafi skapast af eldi fyrsta árgangs á viðkomandi eldissvæði.

2.2.3 Aðrar eldisaðferðir – ófrjóur eldislax

Í viðbótarmatsskýrslu segir að reynsla af eldi á ófrjóum þrílitna laxi bendi fremur til að hann sé síður heppilegur til eldis en ómeðhöndlaður fiskur, bæði hvað varðar vöxt og lífslíkur. Reynsla af eldi á ófrjóum þrílitna laxi hér við land sé enn sem komið er mjög lítil. Enn séu ýmiskonar vandamál óleyst við eldi á ófrjóum þrílitna laxi, allt frá meðferð hrogna, frumfóðrun seiða, seltuþoli fíksins og vexti



fram að sláturstærð. Þess vegna verði ekki séð að notkun á ófrjóum þrílitna laxi til eldis geti talist sambærilegur valkostur á þessum tíma og eldi á frjóum laxi. Bíða verði niðurstöðu rannsókna og reynslu af tilraunaeldi á ófrjóum þrílitna laxi á næstu árum áður en hægt verði að svara hvort slíkt eldi sé raunhæfur og sambærilegur valkostur við eldi á frjóum eldislaxi.

Umsagnir og athugasemdir við viðbótarfrummatsskýrslu 2019

Fiskistofa bendir á að ef ófrjór lax væri notaður í eldinu væri komið í veg fyrir mögulega erfðablöndun eldislaxa við villta stofna laxfiska. Af því yrði mikill ávinningur og minni umhverfisáhrif.

Í svari framkvæmdaraðila segir að ef notkun á ófrjóum laxi verði raunhæfur kostur í framtíðinni ætti áhætta vegna erfðablöndunar eldislaxa við villta stofna laxfiska að verða óveruleg. Reynsla af eldi á ófrjóum laxi sé enn sem komið er mjög lítil og ýmis vandamál óleyst m.a. vegna meðferðar hroгна, frumfóðrunar seiða, seltuþols fisksins og vaxtar fram að sláturstærð.

Matvælastofnun bendir á að fagræð um velferð dýra hafi ekki fjallað um notkun á þrílitna eldislaxi samkvæmt 4. gr. laga nr. 55/2013 um dýravelferð. Ekki fáist séð að aðrar stofnanir eða yfirvöld geti tekið einhliða stefnumótandi ákvarðanir um að fyrirskipa notkun eldisdýra í matvælaframleiðslu án þess að leita álits Matvælastofnunar.

Landssamband veiðifélaga bendir á að í viðbótarfrummatsskýrslu komi fram að Fiskeldi Austfjarða áformi að setja þrílitna lax út í sjókvíar næsta vor og því sé ljóst að sú eldisaðferð sé kostur sem komi til greina. Einnig sé verið að þróa aðrar aðferðir við að gera fisk ófrjóan, t.d. CRISPR og kynhlutleysingu.

Í athugasemd Óttars Yngvasonar segir að umfjöllun um ófrjóan lax sé óljós og að rangtúlkað sé að hann sé síður heppilegur til eldis, enda hafi Stofnfiskur hafið framleiðslu á ófrjóum hrognum í stórum stíl.

Í svörum framkvæmdaraðila er vísað til þess að fagræð um velferð dýra hafi ekki fjallað um notkun á þrílitna fiski. Þá sé það mat eldisfyrirtækjanna að notkun á ófrjóum laxi í sjókvíaeldi sé enn á tilraunastigi eins og greint er frá í viðbótarfrummatsskýrslunni og notkun hans í eldi samrýmist ekki markmiðum framkvæmdarinnar. Athugasemd LV um að aðrar aðferðir til framleiðslu á ófrjóum laxi séu í þróun styðji í raun þessa niðurstöðu. Vonir standi hins vegar til að rannsóknir og reynsla af tilraunaeldi á ófrjóum laxi hér við land sem og erlendis á næstu árum muni leiða í ljós hvort slíkt eldi sé raunhæfur og sambærilegur valkostur við eldi á frjóum eldislaxi. Þá þurfi einnig að liggja fyrir heimild yfirvalda til þess að nota ófrjóan lax í sjávareldi.

2.2.4 Aðrar eldisaðferðir – lokaðar eldiskvíar

Í viðbótarmatsskýrslu segir að eldi með lokuðum eldiskvíum sé enn á rannsóknar- og þróunarstigi. Eldisaðferðin geti því ekki talist valkostur á sama hátt og landeldi og sjókvíaeldi þar sem forsendur rekstrar liggja fyrir og tækni er þekkt. Auk þess samræmist slík eldistækni ekki þeim markmiðum Arctic Sea Farm og Fjarðalax að stunda fiskeldi í samræmi við ASC staðalinn. Þá geri lokaðar kvíar kröfu um mjög skjólgóð eldissvæði þar sem dýpi er yfir 30 m, en slík svæði sé ekki að finna í Patreks- og Tálknafirði.

2.2.5 Aðrar eldisaðferðir – landeldi

Í viðbótarmatsskýrslu segir að forsendur til þess að stunda landeldi á laxi á sunnanverðum Vestfjörðum séu ekki fyrir hendi þar sem hvorki sé nægilegt rafmagn né jarðhiti fyrir hendi til að framleiða 17.500 tonn af laxi. Auk þess væri slíkur kostur ekki í samræmi við umhverfisvæna eldisafurðafframleiðslu sem fyrirtækin eru að vinna að og landeldi sé í raun önnur framkvæmd.



2.2.6 Aðrar eldisaðferðir – regnbogasilungur

Í viðbótarmatsskýrslu segir að umhverfisaðstæður henti betur eldi á kuldaþolnari laxfiskum af Saga stofni en þeim stofni regnbogasilungs sem hafi verið í eldi hér á landi. Þá séu markaðsaðstæður þannig að eldi á laxi sé ákjósanlegri kostur en regnbogasilungur. Arctic Sea Farm hafi reynslu af eldi á regnbogasilungi og ekki sé útilokað að slíkt eldi gæti orðið álitlegt verði breytingar í umhverfi og/eða markaðsaðstæðum.

Umsagnir og athugasemdir við viðbótarfrummatsskýrslu 2019

Fiskistofa bendir á að umhverfisáhrif sjókvíaeldis á regnbogasilungi hafi ekki í för með sér sömu áhættu og eldi á frjóum norskættuðum laxi.

2.3 Niðurstaða

Við kynningu á viðbótarfrummatsskýrslu framkvæmdaraðila hafa komið fram athugasemdir við málsmeðferðina og sett fram sú krafa að framkvæmdin fari í nýtt umhverfismat frá grunni. Meðal ástæðna fyrir þeirri kröfu eru að framkvæmdirnar hafi tekið breytingum frá því sem kynnt var í frummatsskýrslu árið 2016 og að framkvæmdin sé ekki tilbúin í umhverfismat þar sem ekki liggja fyrir staðsetning fyrir eldissvæði í Patreksfirði.

Þær breytingar sem orðið hafa á framkvæmdinni felast í því að nýir valkostir hafa verið settir fram um staðsetningu tiltekinna eldissvæða. Þá hefur Fjarðalax ákveðið að fókra frá sjó í stað þess að gera það frá landi. Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdir geta tekið breytingum í umhverfismatsferlinu og er sá sveigjanleiki mikilvægur þáttur umhverfismats til að ferlið geti leitt til útfærslu á viðkomandi framkvæmd sem hefur sem minnst neikvæð umhverfisáhrif. Það fer eftir eðli og umfangi breytinga hverju sinni hvort t.d. hægt er að fallast á þær sem frávik frá matsáætlun sbr. 1. mgr. 22. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum eða, í tilviki breytinga frá frummatsskýrslu, hvort auglýsa þarf frummatsskýrslu að nýju sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Varðandi kröfu um að þörf sé á nýju umhverfismati samkvæmt 8.-11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum þá felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála starfs- og rekstrarleyfi til framkvæmdanna úr gildi á þeim grundvelli að valkostir hefðu ekki verið bornir saman í umhverfismati framkvæmdanna. Fyrir liggur ákvörðun um matsáætlun ásamt því að úrskurður úrskurðarnefndarinnar tilgreinir þá annmarka sem bæta þarf úr, til að mögulegt sé að veita leyfi á grundvelli umhverfismats. Það ferli sem hófst þann 30. janúar 2019 með framlagningu á viðbótarfrummatsskýrslu felur í sér áframhald á fyrra umhverfismatsferli framkvæmdarinnar með það að markmiði að bæta úr viðkomandi annmörkum. Þeirri málsmeðferð má líkja við það sem við á þegar framkvæmd þarf að undirgangast endurskoðun umhverfismats að hluta á grundvelli 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Varðandi athugasemd Óttars um að framkvæmdin sé ekki tilbúin í umhverfismat þá kemur fram í viðbótarmatsskýrslu að eldissvæði Fjarðalax við Hlaðseyri sé ekki talið bera þá framleiðslu sem áform voru um og því hafi fyrirtækið hafið leit að nýju eldissvæði utar í firðinum. Að mati Skipulagsstofnunar er bagalegt að ekki sé lagður fram valkostur sem felur ekki í sér eldi við Hlaðseyri, þar sem fyrir liggur að svæðið hefur ekki staðist væntingar. Þá gerir Skipulagsstofnun athugasemdir við að fyrirtækin leggi ekki fram frekari gögn um svæðið við Hlaðseyri og leggi ekki mat á hversu mikið eldismagn svæðið getur borið, fyrst fyrirtækin vilja halda möguleika á eldi á svæðinu áfram. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að sannreynt sé að lífrænt álag af eldinu á lífríki fjarðanna verði tímabundið og afturkræft. Í starfsleyfi Fjarðalax sem felld var úr gildi haustið 2018 var Fjarðalax heimilað að framleiða allt að 5.350 tonn af laxi á ári í Patreksfirði og að lífmassi í Patreksfirði og Tálknafirði fari ekki yfir 12.200 tonn. Ekki liggur fyrir hversu mikið magn eldissvæðið við Hlaðseyri ber, en niðurstöður vöktunar benda til þess að það sé minna en áður var gert ráð fyrir.



Skipulagsstofnun telur ekki forsendur til að hafna viðbótarfrummatsskýrslu vegna þessa en telur mikilvægt að í starfsleyfi verði kveðið sérstaklega á um hámarkslífmassa á eldissvæðinu við Hlaðseyri með hliðsjón af fenginni reynslu.

Í viðbótarmatsskýrslu eru sjónarmið fyrirtækjanna reifuð um það hversvegna þau telja eldi á ófrjóum laxi, notkun lokaðra kvía og landeldi ekki raunhæfa valkosti til að uppfylla markmið framkvæmdanna. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við þá umfjöllun og telur ástæður framkvæmdaraðila fyrir því að útiloka þá valkosti málefnalegar. Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðilum um að eldi á ófrjóum laxi hérlandis er ennþá á tilraunastigi. Þó svo að þekkt séu áform um eldi á ófrjóum laxi hér við land jafngildir það ekki að slíkt eldi teljist í öllum tilfellum raunhæfur valkostur. Enn á eftir að koma í ljós hvort búið er að ráða bót á vandamálum sem fylgt hafa eldi á ófrjóum laxi og hvort eldi á honum er mögulegt við Íslandsstrendur. Sambærileg sjónarmið eiga við varðandi lokaðar eldiskvíar. Þar er um að ræða tækni á tilraunastigi sem ekki hefur verið reynd hér við land.

Í viðbótarmatsskýrslu er greint frá því að áformað umfang framleiðslu ráðist af hagkvæmnissjónarmiðum. Að mati Skipulagsstofnunar útiloka hagkvæmnissjónarmið ein og sér almennt ekki minna umfang sem valkost. Með tilliti til eðlis sjókvíaeldis og þess að áform framkvæmdaraðila rúmast innan burðarþolsmats og áhættumats þá telur Skipulagsstofnun þó ekki þörf á því að framkvæmdaraðilar beri sérstaklega saman umhverfisáhrif misumfangsmikillar framleiðslu. Mögulegt er að byggja upp sjókvíaeldi í áföngum og láta reynslu af starfsemi og niðurstöður vöktunar ráða framvindu uppbyggingar, líkt og framkvæmdaraðilar benda á í viðbótarmatsskýrslu. Skipulagsstofnun telur því tilefni til þess að í leyfum verði kveðið á um áfangaskipta framleiðsluaukningu í fjórðunum, þ.e. að framleiðsla verði aukin í skrefum og að reynsla af starfsemi og niðurstöður vöktunar stýri ákvörðunum um að auka framleiðslu á milli kynslóðaskipta.

3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í viðbótarmatsskýrslu framkvæmdaraðila er lagt mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Við mat á vægi áhrifa í matsskýrslunni er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar². Í leiðbeiningunum eru skilgreindar einkunnir fyrir vægi umhverfisáhrifa, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg áhrif, talsvert jákvæð áhrif og verulega jákvæð áhrif. Tveimur vægiseinkunnum hefur verið bætt við í viðbótarmatsskýrslunni, þ.e. nokkuð neikvæð og nokkuð jákvæð áhrif. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu 4 í leiðbeiningunum og kafla 5.1 í matsskýrslunni frá 2016. Í þessu álitinu notar Skipulagsstofnun sömu vægiseinkunnir og gert er í viðbótarmatsskýrslunni.

3.1 Eðliseiginleikar og burðarþol sjávar

3.1.1 Mat framkvæmdaraðila

Upphaflegur framkvæmdakostur

Í matsskýrslunni 2016 segir að mælingar á sjófræði Patreksfjarðar og Tálknafjarðar bendi til þess að 20.000 tonna framleiðsla í fiskeldi muni hafa óveruleg áhrif á súrefnisinnihald sjávar og þar með óveruleg áhrif á vistkerfi og lífríki fjarðanna. Komi fram neikvæð áhrif verði þau afturkræf og tímabundin.

² Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa, 2005.



Nýir valkostir

Í viðbótarmatsskýrslu kemur fram að nýir valkostir feli ekki í sér aukið umfang eldis og að magn lífrænna efna frá eldi verði óbreytt. Því feli nýir valkostir í sér sambærileg áhrif á eðliseiginleika og burðarþol sjávar, borið saman við þann framkvæmdakost sem fjallað var um í matsskýrslunni 2016.

3.1.2 Umsagnir og athugasemdir við viðbótarfrummatsskýrslu

Hafrannsóknastofnun bendir á mikilvægi þess að vöktun umhverfis vegna burðarþols sé viðhaldið.

Umhverfisstofnun telur að mengunarvarnar- og vöktunarákvæði í þeim starfsleyfum sem felld voru úr gildi hafi verið fullnægjandi til að lágmarka mengun frá starfsemi.

3.1.3 Niðurstaða

Í fyrra álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, árið 2016, kemur fram að stofnunin telur að áhrif fyrirhugaðs eldis verði talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum og að styrkur uppleystra næringarefna sjávar aukist á stærra svæði út frá eldiskvíum. Áhrifin verði staðbundin og nái ekki yfir umfangsmikið svæði. Því taldi stofnunin að áhrif eldisins á ástand sjávar í Patreksfirði og Tálknafirði yrðu nokkuð neikvæð, en afturkræf verði starfsemi hætt. Þessi niðurstaða miðaði við þann framkvæmdakost sem kynntur var í matsskýrslu framkvæmdaraðila 2016.

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðilum að áhrif nýrra valkosta á eðliseiginleika og burðarþol sjávar séu líkleg til að verða sambærileg og áhrif upphaflegs framkvæmdakostar.

3.2 Lífríki á hafsbotni

3.2.1 Mat framkvæmdaraðila

Upphaflegur framkvæmdakostur

Í matsskýrslunni 2016 er talið að lífrænn úrgangur og fódurleifar undir kvíunum og næst þeim muni hafa tímabundin neikvæð áhrif á vistkerfið á hafsbotni. Þrátt fyrir markvissa stýringu á nýtingu eldissvæða og hvíld þeirra að lokinni slátrun megi búast við að áhrifin verði talsvert neikvæð staðbundið, en afturkræf.

Nýir valkostir

Í viðbótarmatsskýrslu segir að almennt sýni niðurstöður vöktunar á eldissvæðum í fjórðum landsins að fiskeldi í sjókvíum hafi áhrif á lífríki botns á afmörkuðu svæði en í um 100 m frá eldiskvíum gæti áhrifa lítið eða ekki. Rannsóknir í Fossfirði í Arnarfirði gefi til kynna að mest af fódurleifum falli til botns undir sjókvíum og 20 m frá kvíum hafi um 50% fódurleifa botnfallið. Þá hafi nýleg rannsókn leitt í ljós að 50 m frá sjókvíum sé lífmassi baktería í seti ekki marktækt hærri en á botni enn fjær eldisstað. Patreksfjörður sé að jafnaði vel blandaður og súrefnisinnihald hátt, en súrefnisstyrkur sé lægstur í mesta dýpi fjarðarins á haustmánuðum. Botnstraumar í nágrenni fyrirhugaðra eldissvæða séu sterkir. Fyrirhuguð eldissvæði verði ekki staðsett í dýpsta hluta Patreksfjarðar þar sem styrkur súrefnis mælist lægstur á haustmánuðum.

Nýr valkostur í Patreksfirði er frábrugðinn upphaflegum framkvæmdakosti að því leyti að hann gefur kost á að snúa kvíum meira þvert á straumstefnu. Það fyrirkomulag leiði til meiri dreifingar á úrgangi og sé líklegt til að hafa jákvæð áhrif á uppsöfnun lífræns efnis á botni miðað við upphaflegan framkvæmdakost. Eftir sem áður muni stærsti hluti efnisins falla til botns undir og í næsta nágrenni eldiskvíva. Því megi gera ráð fyrir að áhrif laxeldisins á botndýralíf verði talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð til óveruleg. Með tilliti til upphaflegs framkvæmdakostar sé líklegt að áhrif breyttrar tilhögunar verði óveruleg. Áhrifin séu afturkræf ef starfsemi verði hætt.



Nýr valkostur í Tálknafirði er frábrugðinn upphaflegum framkvæmdakosti á þann hátt að í stað eldissvæðis Arctic Sea Farm við Akurvík verði eldissvæði við Hvannadal. Eldissvæði við Hvannadal geri mögulegt að snúa kvíum meira þvert á straumstefnu miðað við eldissvæði við Akurvík og ætla megi að það stuðli að betri dreifingu og þynningu úrgangs frá eldinu. Verði það raunin sé líklegt að neikvæð áhrif á botndýralíf verði minni samanborið við upphaflegan framkvæmdakost. Eftir sem áður muni stærsti hluti lífræns efnis falla til botns undir og í næsta nágrenni eldiskvía og því megi gera ráð fyrir að áhrif eldis við Hvannadal verði talsvert neikvæð á botndýralíf á takmörkuðu svæði nærri eldisstað en fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð til óveruleg. Áhrifin séu afturkræf, verði starfsemi hætt.

Nýr valkostur í Tálknafirði felur einnig í sér eitt eldissvæði Fjarðalax í Tálknafirði í stað þriggja. Eldi fari þá eingöngu fram á svæði við Laugardal. Eldissvæði við Laugardal sé stórt og geri mögulegt að færa eldiskvíar til milli eldislota, verði þörf á því vegna áhrifa á botndýralíf. Í heildina muni áhrif á botndýralíf í Tálknafirði verða minni samanborið við upphaflegan framkvæmdakost.

3.2.2 Umsagnir og athugasemdir við viðbótarfrummatsskýrslu

Hafrannsóknastofnun bendir á mikilvægi þess að virða hvíldartíma milli eldiskynslóða, einkum vegna áhrifa eldis á botn undir og við kvíar.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að skammt frá eldissvæði Fjarðalax við Sandodda sé stór sandmaðksleira. Íslenskar rannsóknir hafi bent til þess að fiskeldi innan fjarða hafi lítil áhrif á fjörulífriki þar sem lífræn mengun sé nánast eingöngu undir sjókvíum og næsta nágrenni. Það megi þó skoða betur. Setfjörur séu almennt taldar viðkvæmari fyrir lífrænni mengun og eðlilegt sé að vakta þær í nágrenni sjókvía.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við það mat framkvæmdaraðila að nýir valkostir feli líklega í sér minni neikvæð áhrif á botndýralíf en upphaflegur framkvæmdakostur.

3.2.3 Niðurstaða

Í fyrra álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, árið 2016, kemur fram að stofnunin telur að áhrif fyrirhugaðs eldis á botndýralíf verði talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð til óveruleg. Áhrifin verði afturkræf ef starfsemi verður hætt.

Skipulagsstofnun telur að nýr valkostur í Patreksfirði kunni að leiða til meiri dreifingar úrgangsefna sem sé líklegt til að hafa síður neikvæð áhrif á uppsöfnun næringarefna samanborið við upphaflegan framkvæmdakost. Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrif nýs valkostar samt sem áður talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær nokkuð neikvæð til óveruleg. Áhrifin verða afturkræf ef starfsemi verður hætt.

Að mati Skipulagsstofnunar er nýr valkostur í Tálknafirði líklegur til að hafa í för með sér minni neikvæð áhrif á botndýralíf en upphaflegur framkvæmdakostur á sama hátt og í tilfelli nýs valkostar í Patreksfirði. Þá er jákvætt að samkvæmt nýja valkostinum er ekki gert ráð fyrir eldissvæði við Sveinseyri, í nálægð við stór leirusvæði en setfjörur eru almennt taldar viðkvæmari fyrir lífrænni mengun, samkvæmt umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Skipulagsstofnun telur að áhrif valkostarins verði samt sem áður talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær nokkuð neikvæð til óveruleg. Svæðum undir staðbundnu álagi mun fækka samanborið við upphaflegan framkvæmdakost. Áhrifin eru afturkræf ef starfsemi verður hætt.

Í ljósi umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi nálægð eldissvæðis við Sandodda í Patreksfirði við sandmaðksleiru telur Skipulagsstofnun tilefni til þess að í starfsleyfi og vöktunaráætlun verði kveðið á um sérstaka vöktun áhrifa eldis við Sandodda á sandmaðksleiru.



3.3 Fisksjúkdómar og laxalús

3.3.1 Mat framkvæmdaraðila

Upphaflegur framkvæmdakostur

Í matsskýrslunni 2016 segir að fiskisjúkdómar af völdum veira þekkist ekki í íslensku sjókvíaeldi en varnir gegn bakteríusýkingum felist í því að bólusetja seiði. Bakteríusjúkdómar hafi ekki valdið skaða í sjóeldi í fjölmörg ár. Í villtum laxfiskum finnist nýrnaveiki sem sé viðvarandi hættu fyrir eldisfisk. Því sé eldisfiskur skimaður fyrir nýrnaveikismiti. Með forvarnaraðgerðum, smitvörnum og eftirliti, eins og stundað sé hér á landi, séu hverfandi líkur á því að smit berist í villta fiska frá eldisfiski. Fram kemur að frá nágrannalöndum séu fá dæmi um að villtur fiskur hafi smitast frá eldisfiski, þrátt fyrir umfangsmikið eldi. Sjúkdómar sem smitist frá eldisfiski geti haft bein áhrif á villta laxfiskastofna. Ef smit berist frá eldisfiski séu áhrifin á villta laxfiskastofna talin afturkræf. Áhrifin verði óveruleg vegna smæðar laxfiskastofna í fjörðunum og vegna þess að búsvæði stærri villtra laxfiskastofna séu fjarri eldissvæðum í Patreksfirði og Tálknafirði. Þá segir að laxalús sem eigi uppruna sinn í eldislaxi geti haft bein en afturkræf áhrif á villta laxfiska. Lítil hættu sé talin á því að villtir laxfiskar skaðist vegna uppbyggingar eldis Arctic Sea Farms og Fjarðalax í Patreksfirði og Tálknafirði. Að teknu tilliti til almennra umhverfisskilyrða, skipulags eldis, lágrar smittíðni meðal villtra laxfiska á svæðinu, smæðar villtra laxfiskastofna í Patreksfirði og Tálknafirði og mótvægisáðgerða megi búast við að áhrifin verði óveruleg.

Nýir valkostir

Í viðbótarmatsskýrslu segir að liggi kvíar langsum á straumstefnu, líkt og upphaflegur framkvæmdakostur gerir ráð fyrir, sé hætt við því að myndist ójafn straumur innan eldiskvía, takmarkaður á einum stað en mikill á öðrum. Hæfilegur straumur sem víðast í eldiskvíum tryggir aðgengi að ferskum sjó sem beri með sér súrefni til eldisfisks. Hentugur straumur og góður styrkur súrefnis séu mikilvægir þættir til að tryggja velferð og vöxt eldisfiska. Lega eldiskvía þvert á straumstefnu sé líkleg til að skapa slík skilyrði og draga úr smitálagi vegna sjúkdóma og laxalúsar innan eldiseiningar en einnig á milli eldiseininga.

Fram kemur í viðbótarmatsskýrslu að nýr valkostur í Patreksfirði geri kleift að snúa eldiskvíum þvert á straumstefnu og sé því, samanborið við upphaflegan framkvæmdakost, líklegur til að hafa jákvæð áhrif á velferð eldisfisks, styrkja mótstöðu fisks gegn sjúkdómsvöldum og draga úr smitálagi innan eldissvæða. Þar af leiðandi sé nýr valkostur í Patreksfirði líklegur til að draga úr smitálagi á villta laxfiska samanborið við upphaflegan framkvæmdakost og því séu áhrif nýs valkostar talin vera nokkuð jákvæð á villta laxfiska í Patreksfirði með tilliti til sjúkdóma og laxalúsar samanborið við upphaflegan framkvæmdakost.

Í viðbótarmatsskýrslunni kemur fram að á haustmánuðum 2017 hafi farið að bera á lús í laxeldi Fjarðalax við Laugardal í Tálknafirði. Við eftirlit Matvælastofnunar um vorið 2018 hafi sést merki um að lús væri lífvænleg eftir veturinn, hún farin að tímgaast ásamt því að merki hafi verið um nýsmít. Tilraunir til að hreinsa fiskinn af lús hafi ekki skilað árangri. Matvælastofnun hafi svo í lok júní 2018 heimilað Fjarðalaxi að beita lyfjum gegn laxalús á eldissvæðinu við Laugardal.

Fram kemur í viðbótarmatsskýrslunni að yfirborðsstraumar í Tálknafirði, sem beri sjúkdóma- og lúsasmit frá laxeldi, séu í meginatriðum með landi út fjörðinn. Hefði Arctic Sea Farm verið með eldi við Akurvík, þegar laxalús varð vandamál við Laugardal, megi gera ráð fyrir að smit hefði borist frá því eldi til eldisfisks við Akurvík. Með flutningi eldissvæðis Arctic Sea Farm yfir fjörðinn til Hvannadals minnki líkur á að smit berist þaðan og yfir fjörðinn til Laugardals og öfugt. Með því að staðsetja eldissvæði fyrirtækjanna sitt hvoru megin fjarðar sé líklegt að umtalsvert dragi úr hættu á að sjúkdóma- og lúsasmit berist frá einu eldissvæði til annars og skapi þannig aukna hættu fyrir villta laxfiska í Tálknafirði. Með því að leggja af eldissvæði við Sveinseyri og Suðureyri verði



eldissvæðin einungis tvö í Tálknafirði. Sú ráðstöfun einfaldi stýringu á eldi óskyldra aðila í firðinum og dragi úr þeirri hættu að smitsjúkdómar og laxalús magnist upp í firðinum, sem geti haft neikvæðar afleiðingar fyrir villta laxfiskastofna á svæðinu. Að mati framkvæmdaraðila sé líklegt að áhrif nýs valkostar í Tálknafirði á villta laxfiska á svæðinu með tilliti til sjúkdóma og laxalúsar verði jákvæð samanborið við upphaflegan framkvæmdakost.

3.3.2 Umsagnir og athugasemdir við viðbótarfrummatsskýrslu

Fiskistofa bendir á að straumar geti haft áhrif á það hvort og með hvaða hætti laxalús, eða annarskonar smit, kann að berast milli eldissvæða og geti skipt máli varðandi hugsanlegt smit í villta fiska, s.s. sjóbirting. Fiskistofa viti þó ekki til þess að farleiðir sjóbirtings séu þekktar á Vestfjörðum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að horft sé til ríkjandi yfirborðsstrauma þegar fjallað er um líkleg umhverfisáhrif mismunandi staðarvalkosta. Almennt haldi sjógenginn silungur sig grunnt og nærri landi í fjörðum landsins. Þetta hafi rannsóknir á smitálagi laxalúsar á villtum laxfiskum við Vestfirði meðal annars staðfest.

Hafrannsóknastofnun telur mikilvægt að fyrirbyggja lúsasmit t.d. með hrognkelsum og lúsapilsum til að minnka líkur á að grípa þurfi til lyfjafóðurs eða annarra lyfja við meðhöndlun.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirtækin miði að því að nota hrognkelsi og lúsapils sem forvarnir gegn lúsasmiti í sjókvíaeldinu. Lögð sé áhersla á að ekki verði gripið til lyfja nema í neyð og þá í samráði við Matvælastofnun og í samræmi við kröfur ASC staðalsins. Staðallinn skilgreini meginreglur, viðmið, vísa og mælanlega þætti, m.a. á dreifingu fisksjúkdóma og sníkjudýra.

Í umsögn Matvælastofnunar segir að stofnunin fallist á rök framkvæmdaraðila um að nýir valkostir muni hafa jákvæð áhrif á heilbrigði og velferð eldisfisks samanborið við upphaflegan framkvæmdakost. Ekki sé talið að framleiðsluaukningin sem slík, og mögulegt smitálag af laxalús sem af henni getur leitt, muni hafa teljandi neikvæð áhrif á villta stofna laxfiska þar sem staðsetningar eldisstöðvanna eru fjarri helstu göngusvæðum seiða laxfiska. Mikilvægt sé að framkvæmdaraðilar séu meðvitaðir um skyldur sínar til að samræma aðgerðir sem geti þurft að fara í gegn laxalús eða öðrum sjúkdómum.

Í svörum framkvæmdaraðila segir að fyrirtækin hafi á árinu 2017 gert með sér samning um samstarf um sjókvíaeldi á Vestfjörðum. Þau muni vinna saman að samhæfingu eldisins m.t.t. útsetninga seiða, eldis, slátrunar og hvíldartíma ásamt því að skiptast á upplýsingum um sjúkómavarnir, mælinga á sjúkdómum og vöktun á laxalús.

Í umsögn Umhverfisstofnunar og athugasemd Óttars Yngvasonar er bent á að lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva skuli samkvæmt meginviðmiði vera 5 km milli ótengdra aðila.

Óttar Yngvason gerir athugasemd við að staðhæft sé að veirusjúkdómar séu óþekktir í íslensku sjókvíaeldi. Ekki sé getið um PRV veirusýkingar í hrognum sem seld hafi verið frá Íslandi til Kanada. Þá sé ekki minnst á að útsett seiði í kvíar Fjarðalax í Patreksfirði hafi að hluta verið sýkt af nýrnaveiki. Jafnframt sé lítið gert úr lúsafári sem komið hafi upp í Arnarfirði og Tálknafirði þar sem sterku lúsaeitri hafi verið hellt í sjóinn.

Í svari framkvæmdaraðila segir að samkvæmt ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma frá árinu 2018 sé heilbrigðisstaða í eldi lagardýra hér almennt góð og klínískir veirusjúkdómar hafi ekki verið staðfestir í laxeldi. Í ársskýrslunni komi fram að smittíðni veiru af stofni PRV í villtum laxi hér á landi hafi verið 90-100%, en klínískra einkenna sjúkdóms hafi ekki orðið vart í eldisstöðvum eða hjá villtum laxi. Sérfræðingar telji að villtum laxastofnum stafi engin hætta af PRV. Í viðbótarfrummatsskýrslu komi fram að nýrnaveikibakterían sé útbreidd í villtum laxfiskum og við val á nýjum eldissvæðum séu upplýsingar um ríkjandi yfirborðsstrauma nýttar til að minnka líkur á að eldið auki hættu á smiti í villtum laxfiskum. Í viðbótarfrummatsskýrslu sé fjallað um það tilvik í



Tálknafirði sem vísað er til og ekki gert lítið úr því ástandi sem þar skapaðist. Nýjum valkostum sé meðal annars ætlað að einfalda stýringu á eldi óskyldra aðila í firðinum og draga úr þeirri hættu að smitsjúkdómar og laxalús magnist upp í firðinum, sem geti haft neikvæðar afleiðingar fyrir villta laxfiska á svæðinu. Í viðbótarfrummatsskýrslu sé lagt mat á áhrif þeirrar tilhögunar á villta laxfiska. Niðurstaðan sé sú að niðurfelling eldissvæða við Sveinseyri og Suðureyri og ný staðsetning eldissvæðis við Hvannadal muni hafa talsvert jákvæð áhrif samanborið við þær staðsetningar sem fjallað var um í matsskýrslunni 2016.

3.3.3 Niðurstaða

Í fyrra álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, árið 2016, kemur fram að stofnunin telur að brjótist sjúkdómur eða laxalús út á stöku eldissvæði á þeim tíma sem sjóbirtingur dvelur í sjó geti áhrif eldisins orðið nokkuð neikvæð á laxfiska næst eldissvæði. Áhrifin ráðist þó af því hvort mótvægisaðgerðir komi í veg fyrir að smit berist í villta laxfiska frá upptökustað. Áhrifin geti orðið talsvert neikvæð dreifist sjúkdómur eða laxalús um víðáttumeira svæði, t.d. á milli árgangasvæða, og nái að sýkja stærri hluta villtra laxfiska í fjörðunum. Litlar líkur séu þó taldar á að sjúkdómar berist milli Patreksfjarðar og Tálknaðarfjarðar. Stofnunin telur að áhrifin verði tímabundin og afturkræf, komi mótvægisaðgerðir í veg fyrir frekara smit.

Með vísan til umsagnar Matvælastofnunar telur Skipulagsstofnun að nýir staðsetningarvalkostir séu líklegir til að draga úr neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð eldisfisk samanborið við upphaflegan framkvæmdakost. Nýir valkostir kunna að styrkja mótstöðu eldisfisks gegn sjúkdómsvöldum og draga úr smitálagi innan eldissvæða ásamt því að draga úr smitálagi á villta laxfiska samanborið við upphaflegan framkvæmdakost. Þá er nýr valkostur í Tálknaðarfirði líklegur til að draga úr líkum á því að smit berist á milli eldissvæða samanborið við upphaflegan framkvæmdakost, þar sem hann felur í sér meiri fjarlægð á milli eldissvæða Fjarðalax og Arctic Sea Farm ásamt því að staðsetning eldissvæða er heppilegri með tilliti til yfirborðstrauma og ríkjandi vindáttar.

Skipulagsstofnun telur að áhrif nýrra valkosta á villta laxfiska með tilliti til sjúkdóma og laxalúsar verði, líkt og í tilfelli upphaflegs framkvæmdakostar, háð töluverðri óvissu. Áhrifin geta orðið talsvert neikvæð brjótist út sjúkdómur eða laxalús á þeim tíma sem sjóbirtingur dvelur í sjó eða seiði laxa ganga í sjó.

Skipulagsstofnun telur að í rekstrarleyfi þurfi að setja skilyrði um vöktun vegna laxalúsar og fiskilúsar í samræmi við drög að leiðbeiningum um lúsatalningu frá Matvælastofnun.

3.4 Erfðablöndun

3.4.1 Mat framkvæmdaraðila

Upphaflegur framkvæmdakostur

Í matsskýrslunni 2016 segir að stökulaxar geti haft bein áhrif á erfðamengi villtra laxastofna. Með tilliti til áætlaðs fjölda stökulaxa, fyrirbyggjandi aðgerða gegn slysasleppingum, staðsetningar eldissvæða og lítillar hæfni eldislaxa til að búa til harðgerð afkvæmi, séu taldar litlar líkur á að á að framkvæmdin skaði villta laxastofna með erfðablöndun. Í heildina séu áhrifin metin óveruleg og afturkræf.

Nýir valkostir

Í viðbótarmatsskýrslu kemur fram að valkostir við þann framkvæmdakost sem fjallað var um árið 2016 feli ekki í sér aukið umfang eldis og að kröfur varðandi eldisbúnað séu þær sömu. Þar af leiðandi feli nýir valkostir, borið saman við þann framkvæmdakost sem fjallað var um í matsskýrslunni 2016, í sér óbreytt áhrif á villta laxastofna með tilliti til erfðablöndunar.



3.4.2 Umsagnir og athugasemdir við viðbótarfrummatsskýrslu

Landssamband veiðifélaga gerir kröfu um að fjallað sé um áhættu þess að nota frjóan erlendan laxastofn í eldinu. Fjalla þurfi um stofngerð og innbyrðis skyldleika laxastofna við norðanvert Atlantshaf, ásamt því að greina áhættu á notkun frjórra eldislaxa í sjókvíaeldi. Þá vekur Landssambandið athygli á því að fyrirtækið Laxfiskar ehf. hafi á undanförunum árum stundað rannsóknir á erfðablöndun eldislaxa við staðbundna laxastofna á sunnanverðum Vestfjörðum. Einnig er gerð athugasemd við að ekki sé fjallað um tvö atvik þar sem göt á nótum sjókvía uppgötvuðust og nýlega var greint frá á vefsíðu Matvælastofnunar. Jafnframt er bent á að ekki sé fjallað um nýlegar upplýsingar um dreifingu stroklaxa úr eldi á sunnanverðum Vestfjörðum.

Óttar Yngvason gerir athugasemd við að talað sé um að eldissvæði í Patreksfirði og Tálknafirði séu í meira en 100 km fjarlægð frá laxveiðiám og framkvæmdirnar því taldar valda óverulegum áhrifum á villta laxfiska. Ekkert sé minnst á upplýsingar Hafrannsóknastofnunar um farleiðir stroklaxa allt að 1.000 km og því séu allar veiðiár landsins undir vegna stroklaxa af norskum stofni úr eldinu. Þá sé ekkert fjallað um neikvæð áhrif annars staðar á landinu af völdum stroklaxa, hvorki náttúruskaða né önnur samfélagsleg áhrif, svo sem atvinnu- og tekjumissi í sveitum landsins. Lítið sé gert úr erfðablöndun, sem sé ein aðaláhætta opins sjókvíaeldis.

Óttar Yngvason bendir einnig á að fjöldi skýrsla um erfðablöndunarhættu hafi komið fram síðan upphafleg matsskýrsla var unnin. Megi þar nefna álit erfðanefndar landbúnaðarins frá júní 2017, áhættumat Hafrannsóknastofnunar vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldisstofna og náttúrulegra laxastofna á Íslandi frá júlí 2017 og skýrslu Hafrannsóknastofnunar frá ágúst 2017 um erfðablöndun eldislaxa af norskum uppruna við íslenska laxastofna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þær upplýsingar sem komið hafa fram síðan upphafleg matsskýrsla var unnin breyti ekki mati fyrirtækjanna á áhrifum framkvæmdanna á villta laxastofna með tilliti til erfðablöndunar.

3.4.3 Niðurstaða

Í fyrra álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, árið 2016, kemur fram að stofnunin telur að margföldun á umfangi fyrirhugaðs eldis í Patreksfirði og Tálknafirði skapi hættu á að óhöpp verði tíðari og umfang slyssleppinga verði meiri en reynslan sýni. Stofnunin telur að eftir því sem fiskeldi dreifist víðar um firði Vestfjarða og heildarumfang framleiðslunnar vex sé líklegt að hætta aukist á að eldislaxar nái að hrygna í vestfirskum ám og hafi möguleika á að blanda erfðaefni við villtan lax. Stofnunin telur að ef blendingar ná fótfestu í viðkomandi laxastofni verði áhrifin varanleg og óafturkræf.

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðilum að áhrif nýrra valkosta á villta laxastofna með tilliti til erfðablöndunar séu líkleg til að verða þau sömu og upphaflegs framkvæmdakostar.

Líkt og bent er á í athugasemdum sem fram komu við kynningu viðbótarfrummatsskýrslu hafa ýmis gögn og upplýsingar, sem varða erfðablöndun, komið fram síðan upphafleg matsskýrsla var unnin og upphaflegt álit gefið út árið 2016. Helst ber að nefna að Hafrannsóknastofnun hefur gefið út áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Niðurstaða áhættumatsins er að mögulegt sé að ala allt að 20.000 tonn af frjóum laxi í Patreksfirði og Tálknafirði án þess að erfðablöndun hafi áhrif á stofngerð þeirra náttúrulegu stofna sem áhættumatið tekur tillit til. Þá hefur komið út skýrsla Hafrannsóknastofnunar um erfðablöndun eldislaxa af norskum uppruna við íslenska laxastofna þar sem greint er frá niðurstöðum rannsóknar á erfðablöndun í nágrenni eldissvæða á Vestfjörðum. Sú rannsókn sýnir meðal annars fram á skýr merki um erfðablöndun í Botnsá í Tálknafirði. Að auki var gerð athugasemd við kynningu viðbótarfrummatsskýrslu um að í henni væri ekki fjallað um atvik sem komið hafi upp þar sem fiskur hefur sloppið eða geti hafa sloppið.



Skipulagsstofnunar telur framangreind gögn og upplýsingar um erfðablöndun og fréttir af sleppingum eldisfisks eða götum á netapokum sem fram hafa komið síðan upphaflegt álit var gefið út styðja þær forsendur sem lágu til grundvallar í álitum Skipulagsstofnunar árið 2016, þ.e. að eldisfiskur getur sloppið úr kvíum og að hætta er á að hluti sleppifiska leiti upp í ár og hrygni þar.

3.5 Aðrar sjávarnytjar

3.5.1 Mat framkvæmdaraðila

Upphaflegur framkvæmdakostur

Í matsskýrslunni 2016 segir að eldiskvíar geti skapað hættu við siglingar, séu þær ekki vel merktar eða þær staðsettar nærri siglingaleiðum. Almennt muni eldi ekki hindra siglingar en vegna eldisins muni siglingaleið um Tálknafjörð þrengjast við Suðureyri. Fyrirhugað eldi muni hafa óveruleg áhrif á siglingar, innviði, veiðar og aðra starfsemi í fjörðunum, en geti þó þrengt að þeirri nýtingu sem fyrir sé eða takmarkað þróunarmöguleika. Áhrifin verði að mestu leyti afturkræf ef fiskeldið hætti. Aukin þjónusta og umsvif eldisins geti einnig styrkt aðra starfsemi og þannig haft jákvæð áhrif.

Nýir valkostir

Í viðbótarmatsskýrslu kemur fram að nýr valkostur í Patreksfirði sé talin hafa óbreytt áhrif á aðrar sjávarnytjar samanborið við upphaflegan framkvæmdakost.

Í viðbótarmatsskýrslu kemur fram að ekki sé talið sú staðsetning eldissvæða sem nýr valkostur í Tálknafirði geri ráð fyrir komi til með að hafa áhrif á siglingar um Tálknafjörð. Að mati framkvæmdaraðila verði áhrif nýs valkostar í Tálknafirði á aðrar sjávarnytjar óveruleg samanborið við upphaflegan framkvæmdakost.

3.5.2 Umsagnir og athugasemdir við viðbótarfrummatsskýrslu

Samgöngustofa bendir á að lítið sé fjallað um áhrif á siglingar um firðina og áhrif á aðkomu og aðgengi að höfnum og lendingarstöðum. Þá segir að mikilvægt sé að þess sé gætt að staðsetningar eldissvæða valdi ekki truflunum á siglingum og að ekki sé ljóst að eldissvæðin feli ekki í sér farartálma. Samgöngustofa telur brýnt að leitað sé álit heimamanna sem reglulega sigli firðina, Samtaka skipstjórnarmanna og jafnvel fleiri aðila. Öryggi siglinga um firðina sé mikilvægt þar sem áreksturs skips við sjókví geti haft alvarlegar afleiðingar.

Í svörum framkvæmdaraðila segir að eldisfyrirtækin hafi haft samráð við Strandveiðifélagið Krók sem er félag smábátaeigenda vegna staðsetninga á eldissvæðum í Patreksfirði og Tálknafirði. Í umsögn þeirra komi fram að ef merkingar séu góðar líkt og nú sé á eldissvæðum þá verði þau ekki farartálmi fyrir smábáta. Einnig komi fram í umsögninni að hefðbundin siglingaleið fyrir stærri skip í Tálknafirði sé nærri miðju fjarðarins. Þá benda framkvæmdaraðilar á að eldiskvíar komi fram á sjálfvirka auðkenningarkerfinu (AIS), en það mun tryggja öryggi sjófarenda um firðina.

3.5.3 Niðurstaða

Í fyrra álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, árið 2016, kemur fram að stofnunin telji ljóst að fyrirhugað eldi muni þrengja að siglingaleiðum um Tálknafjörð, en samkvæmt matsskýrslu hafi siglingaöryggi verið tryggt í samráði við viðeigandi stofnanir. Samkvæmt grunnskráningu á sjávarnytjum sé sjóstangveiði og æðarnytjar í nágrenni eldissvæða. Gera megi ráð fyrir að eldið muni draga að botnfisk og því verði sjóstangveiði ekki fyrir neikvæðum áhrifum. Hins vegar sé óvissa um áhrif framkvæmdarinnar á hlunnindanýtingu af æðarvarpi.

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðilum að áhrif nýs valkostar í Patreksfirði á aðrar sjávarnytjar séu líkleg til að verða þau sömu og upphaflegs framkvæmdakostar. Nýr valkostur í Tálknafirði felur ekki í sér eldissvæði við Sveinseyri og Suðureyri, líkt og upphaflegur



framkvæmdakostur. Svæði við Sveinseyri er það svæði sem næst er æðarvarpi í Tálknafirði. Því telur Skipulagsstofnun að nýr valkostur í Tálknafirði sé ólíklegri til að hafa áhrif á æðarvarp en upphaflegur framkvæmdakostur. Þá eru eldissvæði við Suðureyri og Sveinseyri staðsett þar sem Tálknafjörður er hvað þrengstur áður en komið er að höfninni í Tálknafirði. Því kann nýr valkostur í Tálknafirði að hafa minni áhrif á siglingar en upphaflegur framkvæmdakostur.

3.6 Minjar

3.6.1 Mat framkvæmdaraðila

Upphaflegur framkvæmdakostur

Í matsskýrslunni 2016 segir að fyrirhugað fiskeldi muni ekki hafa bein áhrif á minjar á svæðum á náttúruminjasrá eða hverfisvernduð svæði. Engar fornminjar séu þar sem fyrirhuguð eldissvæði verði.

Nýir valkostir

Í viðbótarmatsskýrslu segir að nýir valkostir séu ekki líklegir til að hafa önnur áhrif á minjar en upphaflegur framkvæmdakostur.

3.6.2 Umsagnir og athugasemdir við viðbótarfrummatsskýrslu

Í umsögn Minjastofnunar Íslands segir að nýir valkostir, líkt og upphaflegur framkvæmdakostur, hafi ekki áhrif á fornminjar sé litið til upplýsinga úr greinargerð um neðansjávarminjar í Tálknafirði og Patreksfirði. Minjastofnun Íslands minnir á að fornleifar hafi ekki verið skráðar með skipulögðum hætti þar sem fiskeldi er fyrirhugað.

3.6.3 Niðurstaða

Í fyrra álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, árið 2016, kemur fram að stofnunin telur að áhrif fyrirhugaðs eldis á náttúru- og menningarminjar verði óveruleg. Skipulagsstofnun telur að áhrif nýrra valkosta verði þau sömu.

3.7 Fuglar

3.7.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslunni 2016 var ekki fjallað um áhrif framkvæmdar á fugla en þar sem nýr valkostur í Patreksfirði gerir ráð fyrir eldissvæði við Hvannadal innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands skilgreinir sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði vegna varps hvítmáfa og fýla þótti ástæða til að fjalla um áhrif á fugla í viðbót við matsskýrslu.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að helstu áhrif fiskeldis á fugla megi rekja til aukningar á lífrænu efni í nágrenni við kvíar sem geti aukið framleiðni í tegundum eins og þörungum, kræklingi og öðrum hryggleysingjum og fiskum sem svo geta nýst fuglum sem aukin fæða. Æðarvarp sé að finna í nágrenni við sum eldissvæða í fjörðunum en þekkt sé frá Skotlandi að æðarfugl sæki í æti á eldiskvíum. Gera megi ráð fyrir að áhrif sjókvíaeldis á æðarfugl verði óveruleg eða jákvæð. Varp hvítmáfa og fýla sé í bröttum hlíðum Tálkna fjarri kvíum og því ekki líklegt að eldissvæði við Tálkna hafi áhrif á varp fuglanna. Aftur á móti gæti aukið fæðuframboð verið til góðs fyrir hvítmáf og fýl. Áhrif framkvæmda á hvítmáf og fýl sé líklegt til að verða óveruleg eða jákvæð. Sé litið á Tálknafjörð í heild þá telur framkvæmdaraðili að áhrif á fuglalíf verði óveruleg.

3.7.2 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur líklegt að fæðuframboð muni aukast fyrir ýmsar fuglategundir í nágrenni kvía. Líklegt er að fiskur komi til með að sækja í æti við kvíar sem getur þá orðið bráð ýmissa sjófugla.



Þá er mögulegt að æðarflug komi til með að leita í krækling á eldisbúnaði. Flugategundirnar fyll og hvítmáður teljast vera tegundir í hættu samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar. Að mati Skipulagsstofnunar eru áhrif nýs valkostar í Tálknafirði á fugla líkleg til að vera óveruleg. Í ljósi þess að Tálkni telst vera mikilvægt fuglasvæði og að fyll og hvítmáður teljast til tegunda í hættu er að mati Skipulagsstofnunar tilefni til að í starfsleyfi verði kveðið á um vöktun á fuglalífi verði eldissvæði við Hvannadal tekið í notkun.

4 SAMFÉLAG

4.1 Sjónræn áhrif, ferðamennska og útivist

4.1.1 Mat framkvæmdaraðila

Upphaflegur framkvæmdakostur

Í matsskýrslunni 2016 segir að mestu sjónrænu áhrifin verði frá Raknadalshlíð í Patreksfirði og Laugardal og Suðureyri í Tálknafirði. Ímynd hverfisverndarsvæðisins á Suðureyri í Tálknafirði geti orðið fyrir áhrifum, en áhrif á önnur hverfisverndarsvæði og svæði á náttúruminjasrá verði óveruleg eða hverfandi. Þá muni sjónrænu áhrifin líklega verða takmörkuð á ímynd og gildi gönguleiða og útivistarsvæða í fjörðunum. Í heildina verði áhrif á landslag og ásýnd óveruleg og afturkræf. Áhrif á ferðaþjónustu og útivist verði óveruleg og að mestu afturkræf.

Nýir valkostir

Í viðbótarmatsskýrslu segir að nýr valkostur í Patreksfirði sé ekki talin hafa breytt áhrif á landslag eða ásýnd samanborið við upphaflegan framkvæmdakost. Enda verði eldissvæði staðsett innan sömu landslagsrýma og upphaflegur framkvæmdakostur gerir ráð fyrir. Þá telja framkvæmdaraðilar að nýr valkostur í Patreksfirði hafi sömu áhrif á ferðaþjónustu og útivist og upphaflegur framkvæmdakostur.

Í viðbótarmatsskýrslu segir að nýr valkostur í Tálknafirði sé ekki talinn hafa í för með sér breytingu með tilliti til áhrifa á ferðamennsku og útivist samborið við upphaflegan framkvæmdakost. Talið sé að nýr valkostur í Tálknafirði hafi nokkuð jákvæð áhrif á landslag og ásýnd samanborið við upphaflegan framkvæmdakost enda felur nýr valkostur ekki í sér eldissvæði við Suðureyri og Sveinseyri.

4.1.2 Niðurstaða

Í fyrra álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, árið 2016, segir að stofnunin telur að sjónræn áhrif verði helst í námunda við eldissvæði hverju sinni en takmörkuð á öðrum hlutum Patreksfjarðar og Tálknafjarðar og sjónræn áhrif verði nokkuð neikvæð. Jafnframt segir að Skipulagsstofnun telur líklegt að samlegð framkvæmdanna með öðru sjókvíaldi á Vestfjörðum muni leiða til talvert neikvæðra sjónrænna áhrifa og neikvæðrar upplifunar ferðamanna og útivistarfólks sem eigi leið um Vestfirði.

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðilum að nýr valkostur í Patreksfirði feli í sér óbreytt áhrif á landslag, ferðaþjónustu og útivist samanborið við upphaflegan framkvæmdakost. Skipulagsstofnun telur nýjan valkost í Tálknafirði jákvæðan samanborið við upphaflegan framkvæmdakost þar sem ekki er gert ráð fyrir eldissvæði undan Suðureyri. Þá gerir nýr valkostur ráð fyrir eldissvæði við Hvannadal í sunnanverðum firðinum í stað svæðis í Akurvík í norðanverðum firðinum. Sú tilhögun er jákvæð að því leyti að færri koma til með að sjá kvíar staðsettar við Hvannadal en við Akurvík en neikvæð að því leyti að staðsetning við Hvannadal kann mögulega að raska náttúruupplifun göngufólks um Tálkna. Að mati Skipulagsstofnunar er vægi áhrifa á landslag, ferðaþjónustu og útivist það sama óháð valkostum.



4.2 Íbúa- og atvinnuþróun

Nýir valkostir felast eingöngu í breyttum staðsetningum eldissvæða innan fjarðanna og hafa sömu áhrif á íbúa og atvinnuþróun og upphaflegur framkvæmdakostur.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi.

Ekki liggur fyrir strandsvæðisskipulag fyrir Patreksfjörð og Tálknafjörð. Við leyfisveitingar ber að horfa til stefnu um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum sem sett er fram í landsskipulagsstefnu.

6 NIÐURSTAÐA

Fjarðalax og Arctic Sea Farm hafa lagt fram matsskýrslu, hvað varðar valkosti, sbr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Þar er gerð grein fyrir viðbót við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sem hefur áður farið fram, sbr. álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar frá 23. september 2016. Álit þetta snýr eingöngu að umfjöllun og mati framkvæmdaraðila á valkostum. Matsskýrsla framkvæmdaraðila 2016 og álit Skipulagsstofnunar 2016 standa að öðru leyti áfram.

Framkvæmdaraðilar hafa sett fram nýja valkosti varðandi staðsetningar eldissvæða í Patreksfirði og Tálknafirði og borið þá saman við upphaflegan framkvæmdakost sem fjallað var um í matsskýrslu árið 2016. Valkostur í Patreksfirði er í samræmi við breytingu á fyrirkomulagi eldissvæða sem framkvæmdaraðilar tilkynntu til Skipulagsstofnunar árið 2018 en niðurstaða stofnunarinnar var að breytingin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Að mati Skipulagsstofnunar eru nýir staðarvalkostir líklegir til að fela í sér minni neikvæð áhrif, samanborið við upphaflegan framkvæmdakost, á eftirfarandi umhverfisþætti: Lífríki á hafsbotni, fisksjúkdóma og laxalús, aðrar sjávarnyttjar og landslag. Áhrif valkosta á aðra umhverfisþætti, samanborið við upphaflegan framkvæmdakost eru óveruleg eða engin að mati Skipulagsstofnunar. Þrátt fyrir að nýir staðarvalkostir feli í sér minni neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti, samanborið við upphaflegan framkvæmdakost, telur Skipulagsstofnun ekki ástæðu til að breyta þeim vægiseinkunum sem fram koma í álitum stofnunarinnar frá árinu 2016 enda eru áhrif nýrra valkosta í meginatriðum þau sömu og upphaflegs framkvæmdakostar.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að eldissvæði Fjarðalax við Hlaðseyri sé ekki talið geta borið þá framleiðslu sem áform voru um og því stefni fyrirtækið að því að finna nýtt eldissvæði utar í firðinum. Þar sem ekki liggur fyrir hversu mikið magn eldissvæði við Hlaðseyri getur borið telur Skipulagsstofnun tilefni til þess að í starfsleyfi verði kveðið á um hámarkslífmassa á eldissvæðinu við Hlaðseyri með hliðsjón af fenginni reynslu.

Skipulagsstofnun telur almennt að byggja eigi upp sjókvíaeldi í áföngum og láta reynslu af starfsemi ráða framvindu uppbyggingar. Með hliðsjón af reynslu af eldi við Hlaðseyri og að um er að ræða áform um umfangsmikið eldi telur Skipulagsstofnun tilefni til að í leyfum verði kveðið á um að áfangaskipta framleiðsluaukningu í fjörðunum, þ.e. að framleiðsla verði aukin í skrefum og að reynsla af starfsemi og niðurstöður vöktunar stýri ákvörðunum um að auka framleiðslu á milli kynslóðaskipta.

Í ljósi umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi nálægð eldissvæðis við Sandodda við sandmaðksleiru telur Skipulagsstofnun að í starfsleyfi eigi að kveða á um vöktun á lífríki leiru við Sandodda.



Nýr valkostur í Tálknafirði gerir ráð fyrir eldissvæði utan við Hvannadal á svæði sem telst vera alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði þar sem finna má fuglategundir í hættu. Því er að mati Skipulagsstofnunar tilefni til að í starfsleyfi verði kveðið á um vöktun á fuglalífi verði eldissvæði við Hvannadal tekið í notkun.

Í viðbót við matsskýrslu er greint frá þeim forsendum sem lágu að baki vali á þeim kosti sem fjallað var um í matsskýrslu frá árinu 2016, nánar tiltekið forsendum varðandi staðarval og umfang eldis. Jafnframt eru tilgreind ýmis sjónarmið og röksemdir fyrir því að fyrirtækið telur eldi á ófrjóum laxi, notkun lokaðra kvía og landeldi ekki raunhæfa valkosti til að uppfylla markmið framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun gerir almennt ekki athugasemd við þá umfjöllun og telur ástæður framkvæmdaraðila fyrir því að útiloka ófrjóan lax, lokaðar kvíar og landeldi málefnalegar.

Varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif framleiðsluaukningar Fjarðalax og Arctic Sea Farm í Patreksfirði og Tálknafirði vísast til álits Skipulagsstofnunar 2016 og þeirra tillagna sem þar eru settar fram um skilyrði í rekstrar- og starfsleyfum.

Reykjavík, 16. maí 2019

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinnsson